




Kennsluáætlun

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Haustönn 2019

KVIK2UK05 · Upphaf kvikmynda



Undanfari: KVIK1KH05 eða KVIK1HS05

Áfangalýsing

Titill	Upphaf kvikmynda
Námsgrein	Kvikmyndasaga
Viðfangsefni	Kvikmyndasagan 1798-1919
Skammstöfun	KVIK2UK05
Þrep	2
Einingafjöldi	5
Lýsing	Fjórir fyrstu kaflarnir í <i>Kvikmyndasögu</i> Roberts Sklar lesnir (fyrsti hluti), í þýðingu kennara áfangans með leyfi höfundar. Sýnd brot úr kvikmyndum frá tímabilinu og þrjár kvikmyndir skoðaðar í heilu lagi til dæmis: <i>A Trip to the Moon, The Great Train Robbery, Cabiria, Fæðing þjóðar, Das Cabinet der Dr Caligari</i> eða <i>Broken Blossoms</i>
Forkröfur	KVIK1KH05 eða KVIK1HS05
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á eftirfarandi sem er: <ul style="list-style-type: none">• Forsaga kvikmyndanna: hvernig kvikmyndir urðu til• Méliés og Lumière bræðurnir• Mikilvægi Muybridge í þróun kvikmynda• Edison og einkaleyfi hans• Þróun kvikmynda: frá töfralömpum til töfrakvikmynda• Hvernig kvikmyndastjörnur urðu til• Þróun kvikmynda úr stuttum myndum í lengri myndir• Hvernig kvikmyndategundir þróuðust• Max Linder, fyrsta gamanleikjastjarnan í kvikmyndunum• Chaplin og veldi hans

	<ul style="list-style-type: none"> • David Wark Griffith og framlag hans til kvikmynda • Fyrstu stórmyndirnar: Ítalía - þýski expressionisminn • Þróun kvikmyndahúsa
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í: <ul style="list-style-type: none"> • Að tjá sig á tæknilegan hátt um þróun kvikmynda og upphaf þeirra • Að skrifa um kvikmyndir í menningarsögulegu samhengi
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none"> • Til að útbúa sitt eigið tæknihandrit fyrir kvikmynd • Meta þróun í leiktúlkun og leikstjórn kvikmynda
Námsmat	Símat: Tvö próf (70%) og ritgerð sem fjallar um efni sem tengist kvikmyndum tímabilsins (20%). Ástundun: 10%.

Með fyrirvara um breytingar,
Selfossi, ágúst 2019

Árni Blandon